



Reykjavík, 13. október 2020

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Skuggasundi 1
101 Reykjavík
uar@uar.is

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir (menntun og þjálfun, eftirlit með starfsemi og athöfnum o.fl.).

Hinn 29. september sl. birti umhverfis- og auðlindaráðuneytið drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir á samráðsgátt stjórnvalda, Island.is. Í 3. og 4. gr. frumvarpsdraganna er lagt upp með að kveða á um eftirlit með starfsemi sem er hvorki er skráningar- eða starfsleyfisskyld. Samkvæmt umfjöllun í greinargerð frumvarpsdraganna felur efni greinanna aðeins í sér skýringar á gildandi lagaheimildum en ekki virðist ætlunin að kveða á um nýtt eftirlit.

Frumvarpsdrögin hafa verið tekin til umfjöllunar á vettvangi Samtaka atvinnulífsins og SVP – Samtaka verslunar og þjónustu (hér eftir sameiginlega nefnd *samtökin*). Ástæða þykir til að koma eftirfarandi athugasemd á framfæri.

Að mati samtakanna er það einfaldlega rangt að í frumvarpinu sé ekki kveðið á um nýtt eftirlit. Ástæðu þeirra breytinga sem lagt er upp með má rekja til niðurstöðu úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 6/2020 þar sem heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra var gerð afturreka með áminningu sem hún hafði veitt fyrirtæki þar sem það hafði ekki talið sér heimilt að afhenda nefndinni viðkvæmar viðskiptaupplýsingar um dreifingu olíu á tilteknum svæðum nema trúnaði væri heitið. Var í því samhengi vísað til samskipta fyrirtækisins við Samkeppniseftirlitið og því reyndi óhjákvæmilega á lagaskil. Af forsendum úrskurðarins leiðir að heilbrigðisnefndin hafði gerst ber að því að veita fyrirtækinu áminningu án þess að nefndinni væri það heimilt.

Hugtakið *eftirlit* er skilgreint í 3. gr. laga nr. 7/1998 með þeim hætti að því felist athugun á vöru, þjónustu, ferli eða starfsemi til að ákvarða samræmi þeirra við tilteknar kröfur. Í 54. og 55. gr. laganna er inntak eftirlits með atvinnurekstri skilgreint nánar og m.a. gerðar kröfur um aðstoð rekstraraðila, sýnatökur, eftirlitsáætlun, vettvangsheimsóknir, kerfisbundið mat o.fl. Það eftirlit sem þar er skilgreint er hins vegar bundið við starfsemi sem fellur undir viðauka I–IV í lögnum samkvæmt ákvörðun Alþingis og verður að ætla að meðalhofssjónarmið hafi verið höfð í huga við samningu viðaukans. Eins og leiðir af úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 6/2020 fellur eftirlit með annarri starfsemi ekki undir XIV. kafla laganna og er því undanþegin þeim skyldum sem þar eru settar fram. Þegar gildandi ákvæði 54. gr. laganna voru lögfest í júní 2017 var m.a. tekið fram að gengið væri lengra við lögfestingu ákvæða 54. gr. laganna en leiddi af alþjóðlegum skuldbindingum. Endurspeglast það í viðaukum við lögina þar sem eftirlitsskyld starfsemi er skilgreind með verulega ítarlegum hætti. Þrátt fyrir framangreint var ekki talið tilefni til þess að skilgreina eftirlitssvið XVI. kafla laganna með þeim hætti að undir það félli öll starfsemi sem fellur innan gildissviðs laganna.



Með fyrirliggjandi frumvarpsdrögum stendur hins vegar til að ganga svo langt að fella alla atvinnustarfsemi undir ákvæði eftirlitssvið XVI. kafla laganna algerlega óháð því hvers eðlis hún er. Þar með verður þeim fyrirsjáanleika sem nú ríkir augsýnilega vikið til hliðar. Endurspeglast þetta hvað helst í orðalagi 2. mgr. efnisgreinar 4. gr. frumvarpsdraganna þar sem segir: *Eftirlitið tekur til athugana á öllum umhverfisáhrifum af viðkomandi starfsemi og athöfnun sem máli skipta sem og hollustuhátta og í samræmi við ákvæði laganna og reglugerða sem settar eru á grundvelli 4. og 5. gr. laganna.*

Í huga samtakana felst í framangreindu töluverð afturför. Verði frumvarpsdrögin að lögum verður eftirlitssvið XVI. kafla laganna, þ.e. svið eftirlits með atvinnustarfsemi, ekki aðeins óskýrt og matskennt heldur í orði kveðnu langt umfram það sem þörf er á. Óhjálakæmilega mun því verða hætt við að álitamál muni skapast um hvort of langt sé gengið í eftirliti með atvinnurekstri. Í stað þess að úr slíkum álitamálum megi leysa með flokkun starfsemi undir viðauka í lögnum munu slíkar úrlausnir grundvallast á gildissviði laganna og reglum stjórnisýsluréttar. Sú einfalda lausn sem ráðuneytið leggur upp með er því til þess bær að flækja verulega eftirlitsstjórnisýslu samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998.

Í ljósi framangreinds leggja samtökin til að 3. og 4. gr. frumvarpsdraganna verði felldar brott.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins og SVP – Samtaka verslunar og þjónustu

Pétur Reimarsson
verkfræðingur á samkeppnishæfnisviði SA

Benedikt S. Benediktsson
lögfræðingur SVP